

Loðnuvinnslan hf
Skólavegi 59
750 Fáskrúðsfjörður

Kennitala: 581201-2650
Skírteini nr. 7124307
Tímabil: 1.01.2012-31.12.2013

Vátryggingafélag Íslands hf staðfestir hér með ábyrgðartryggingu.

Skilmáli: AA20 Ábyrgðartrygging atvinnurekstrar

Starfsemi: Mengun hafs og stranda
Vátryggingarfjárhæð er kr. 257.900.000 í hverju tjóni
og samtals á vátryggingartímabilinu.

Eigin áhætta er 10,0% í hverju tjóni, lágmark kr. 87.000, hámark kr. 874.000.

Iðgjaldaskuld á tryggingu er kr. 0

Hið tryggða	Fjöldi
Mengun hafs og stranda	1,00
Grunngjald	1,00

SÉRSKILMÁLI VEGNA VARNA GEGN MENGUN HAFS OG STRANDA.

Vátrygging þessi tekur einnig til tjóns eða skaða á mönnum, dýrum, lífríki, jarðvegi og efnislegum verðmætum vegna mengunar hafs og stranda, sem verður skyndilega og krefst tafarlausra aðgerða, svo og kostnaðar af ráðstöfunum til að takmarka slíkt tjón eða skaða, þótt það verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi, sbr. 16. gr. laga um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 og reglugerðar um tryggingar skipa og starfsemi á landi vegna bráðamengunar nr. 1078/2005.

Ábyrgð félagsins vegna hvers einstaks vátryggingaratburðar og á hverju vátryggingartímabili samkvæmt þessum bótalið takmarkast við SDR 1.000.000. Af hverju tjóni ber vátryggingartaki eigin áhættu eins og getið er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Eigin áhætta vátryggingartaka hefur ekki áhrif á réttarstöðu tjónþola.

Félaginu er heimilt að endurkrefja hvern þann sem valdið hefur tjóni af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Rísi ágreiningur um það hvort um bráðamengun sé að ræða er heimilt að vísa málinu til umhverfisstofnunar til úrskurðar.

Falli vátryggingin niður tilkynnir félagið um niðurfellingu til Umhverfisstofnunar. Félagið ber ábyrgð gagnvart þriðja manni á tjónum sem verða þar til fjórar vikur eru liðnar frá því að vátryggingin féll úr gildi, nema önnur fullnægjandi trygging hafi verið tekin.

Að öðru leyti gilda skilmálar félagsins nr. AA20 fyrir ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar, lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 og reglugerð um tryggingar skipa og starfsemi á landi vegna bráðamengunar nr.

Framhald....

STAÐFESTING
Ábyrgðartrygging

Vátryggingafélag Íslands hf
Ármúla 3, 108 Reykjavík, 560 5000
kt. 690689-2009, www.vis.is



Loðnuvinnslan hf
Skólavegi 59
750 Fáskrúðsfjörður

Kennitala: 581201-2650
Skírteini nr. 7124307
Tímabil: 1.01.2012-31.12.2013

1078/2005.

Egilsstöðum, 27. desember 2012

Methúsalem Einarsson